

Hér er að finna spurningar og svör varðandi árlegt endurmat tryggingafjárhæða. Spurningarnar eru raunverulegar spurningar sem komið hafa í tölvupósti eða inn á spjallþráð við fræðslu sem streymt var á Facebook 5. mars 24. Nöfn spyrjenda og annað sem getur gefið vísbendingar um hver spyr eru afmáð.

Skjalið er uppfært reglulega, leitast er við að flokka líkar/skyldar spurningar saman flokkunin er þó ekki allveg nákvæm því oft fléttast efni saman.

Hver er hvað, leyfishafi, tengiliður, forsvarsmaður

Ég veit aldrei hver er leyfishafi?(fyrirtæki?)

Leyfin eru gefin út á ákveðna kennitölu og er leyfishafi sá aðili (einstaklingur eða fyrirtæki) sem leyfið er gefið út á.

Hver er forsvarsmaður? (forstjóri eða ég, sem er að fylla allt út?)

Forsvarsmaður er sá sem að skráður eru í forsvari fyrir fyrirtæki og var skráður sem forsvarsmaður félagsins við umsókn um leyfi. Forsvarsmaður verður að vera prókúruhafi félags og vera skráður á fyrirtækjaskrárvottorð. Ef leyfi er gefið út á kt. einstaklings er forsvarsmaður sá sami og leyfishafi.

Hver er tengiliður? (ég, sem er að fylla allt út eða endurskoðandi?)

Tengiliður er sá aðili sem óskað er eftir að Ferðamálastofa hafi samband við varðandi árlegt endurmat tryggingafjárhæða og skil á gögnum í tengslum við það.

Fjöldi daga frá fullnaðargreiðslu til upphafs ferðar (N-gildi)

Er staðfestingargjald tekið í N gildi ?

Þegar verið er að reikna N gildi þarf ekki að taka tillit til fjölda daga frá því að staðfestingargjald er greitt. N gildið byggist á öðrum innborgunum en staðfestingargjaldi.

Ef erlendur endursöluaðili tekur við greiðslu frá kúnna segjum 17. mars en greiðir ekki til okkar fyrir en 14. apríl (þeir greiða okkur bara einu sinni í mánuði). Reikna ég þá ekki fjölda daga út frá þeirri dagsetningu sem okkur berst peningurinn?

Fjöldi daga frá fullnaðargreiðslu til upphafs ferðar reiknast frá þeim degi sem ferðamaðurinn greiðir, þ.e. 17. mars. Ferðamaðurinn er alltaf í forgrunni. Hvernig ferðaþjónustuaðilar (B2B) semja um greiðslur sín á milli er aðeins á milli þeirra en hefur ekki áhrif á tryggingaskylduna. Þar sem erlendi endursöluaðilinn er ekki með tryggingu þá þarf skipuleggjandinn (þú) að tryggja allan tímann frá 17. mars. Ef miðað er við 14. apríl þá er ferðin ekki tryggð þann mánuð sem líður þar til þú færð greitt. Þess vegna á að miða við 17. mars.

Það er mjög oft, að það eru fleiri gestir saman, sem koma í ferð. Ég ætla að taka dæmi til að útskýra þetta betur. Til dæmis 3 vinkonur, sem eru að ferðast saman.(Gestur A, B og C). Ferðin á til dæmis að vera 18. júní.

Gestur A borgar staðfestingargjald fyrir alla 3 í desember árið áður. Svo borgar gestur B restina fyrir alla 3 nokkrum vikum fyrir brottför. Gestur C borgar sjálft ekki neitt.

Hvernig á að bókfæra þetta í skýrslunni að allar 3 hafa borgað?

Það skiptir ekki máli hvort einn gestur borgar fyrir alla eða hvort þeir borga hver fyrir sig.

Í dæminu sem þú tekur færirðu upphæð staðfestingargjaldsins undir staðfestingargjald í júní það ár sem ferðin er farin. Staðfestingargjaldi færist sem fyrir fram innheimtar tekjur í bókhaldi og birtast sem skammtímaskuldir í ársreikningi.

Segjum að gestur B hafi borgað fyrir alla 6 vikum fyrir brottför, þá er fjöldi daga frá fullnaðargreiðslu til upphafs ferðar 42 (6x7).

Lokagreiðsla, þegar við erum að eiga við hópa eins og menntaskóla t.d. þá skilast greiðslan inn á mismunandi dögum, er hægt að miða við dagsetningu þar sem meiri hluti hópsin greiðir?

Bendi á að tala ber um fullnaðargreiðslu (þegar að meirihluti ferðar hefur verið greiddur), ekki lokagreiðslu eða síðustu greiðslu sem getur verið aðeins lítið brot af verði ferðar, sbr. það sem kom fram í fyrirlesturinum. Þegar greitt er á mismunandi dögum ber að reikna vegið meðaltal fjölda daga frá fullnaðargreiðslu til upphafs ferðar, sjá umfjöllun í fyrirlestri (byrjar á mín 6,51) og á glærum (8 og 9), nálgast ber vegið meðaltal eins nákvæmlega og unnt er.

Lengd ferða í dögum (d - gildi)

Lengd ferðar í dögum, viljið þið að ég telji ferðadaginn með?

Það er rétt að telja annað hvort brottfarardag eða heimferðadag með, ekki þörf að telja báða.

Í hvaða mánuði ber að skrá ferð sem fer yfir mánaðamót?

Er það ekki rétt skilið hjá mér eftir fyrirlesturinn að ef upphaf ferðar er í mars en fleiri ferðadagar eru í apríl, þá skráist ferðin í Apríl?

Já, þetta er rétt skilið.

Hver ber tryggingaskylduna

Ef erlendur endursöluaðili bókar pakka hjá okkur, segjum gistingar og bílaleigubíl, en bókar sjálfur flugið fyrir kúnnann þá er það ekki skráð sem tryggingaskyld hjá okkur. Þarf samt að vera til samningur við endursöluaðilann um að hann beri tryggingaskylduna eða má bara færa þetta beint sem "ekki tryggingaskyld"?

Ef ljóst er að endursöluaðilinn bætir við flugi til og frá landinu er hann skipuleggjandi og seljandi ferðarinnar til ferðamannsins. Samband þitt við erlenda aðilann er B2B ot aðeins á milli ykkar og hefur ekki áhrif gagnvart ferðamanninum. Ekki er gerð krafa um samning enda er þjónustan sem þið seljið endursöluaðilanum ekki sett fram sem pakkaferð eða kynnt sem slík hjá ykkur.

Ef erlendur endursöluaðili selur ferðina þannig að kúnni veit ekki að við erum að setja ferðina saman, þá erum við ekki tryggingaskyld...en þá aftur, þarf að vera einhver samningur við þá um tryggingaskylduna?

Sjá svar við spurningunni hér að ofan. Aftur er ekki afdráttarlaus krafa um að fyrir liggi samningur, enda ferðin sem um ræðir ekki sett fram eða kynnt sem pakkaferð af ykkar hálfu.

Að lokum, ef samningur þarf að vera til staðar í dæmunum hér að ofan en endursöluaðili vill ekki gera þannig samning, hvar liggur þá tryggingaskyldan? Hvernig færir maður þetta þá?

Tryggingaskyldan liggur hjá endursöluaðilanum sem í öðru tilfellinu hefur bætt flugi við „pakkann“ frá ykkur og í hinu tilfellinu kynnir hann alfarið í sínu nafni og tekur þar með á sig skyldur skipuleggjanda og gerir pakkann að sínum. Salan færist sem sala á þjónustupáttum B2B.

Við erum mest að vinna með ferðaskrifstofum í Þýskalandi. Og þau auglýsa ferðirnar okkar á netinu og í bæklingum með því að nefna okkur á nafn. Svo bæta þau oftast flugið við en stundum eru gestirnir búin að bóka sig flug, svo þau kaupa bara hestaferðina af þeim. Erum við þá með tryggingaskyldu?

Ef þýska ferðaskrifstofan bætir fluginu við áður en þeir selja ferðina þá er tryggingaskyldan þeirra.

Í hinu tilfellinu, þ.e. þegar að gestirnir bóka flugið sjálfir og kaupa bara hestaferðina af þýsku ferðaskrifstofunni þá berir þið tryggingaskylduna nema þið getið sýnt fram á það með samningum eða samskiptum við þýsku ferðaskrifstofuna að þeir beri tryggingaskylduna. Hér er akkúrat dæmi um hvað samningar við endursöluaðila skipta miklu máli.

Svo talar þú um samning við endursöluaðila: Þarf að senda inn afrit af þessari samning eða er nóg að skrifa bara nafnið af tryggingafyrirtækinu þeirra?

Það þarf ekki að senda inn samningana, það er nóg að gefa upp hvar endursöluaðilar eru með tryggingar.

Ef félagið er tekið til eftirlits þá gætir þú þurft að leggja fram samning, en þá er alltaf kallað eftir honum sérstaklega.

„Ef ferðaskrifstofan (leyfishafi) sér um framkvæmd pakkaferðar eða hluta pakkaferðar sem seld er af annarri ferðaskrifstofu er það sú ferðaskrifstofa sem á ferðina og býður hana til sölu sem ber tryggingarskylduna (business-and-business). Skrá skal slíka veltu í undanþegna veltu undir Sala þjónustupátta til annarra ferðaskrifstofa (b2b)“.

Við vinnum mestmegnis B2B og bjóðum white labelling þjónustu fyrir nokkra af okkar samstarfsaðilum, þ.e. við hönnum og keyrum ferðirnar fyrir þeirra hönd og okkar vörumerki er ósýnilegt í augum gestanna. Fellur sá angi af okkar sölu undir þetta viðmið?

Já, ef ferðamenn hafa enga vitneskju um ykkar aðkomu og samstarfsaðilinn getur ykkar ekki þá kynna þeir ferðina sem sína og bera ábyrgð á tryggingaskyldunn. Ykkar þjónusta er þá sala á þjónustupáttum B2B. Ágæt þumalputta regla er að spyrja sig hvort að annar aðili gæti tekið við framkvæmd ferðarinnar án þess að ferðamaðurinn yrði þess var.

Minnt er á eftirfarandi, glærur 19 – 23 og umfjöllun frá u.þ.b. 24 fjalla um sölu þjónustupátta B2B.

[Upptaka frá fræðslufundi 5. mars 2024](#)

[Glærur frá fræðslufundi 5. mars 2024](#)

Skil ég rétt ef reseller (endursöluaðili) er t.d. frá Bandaríkjunum tryggingar er alltaf fyrir ferðaskrifstofan á Íslandi?

Já það er rétt skilið, ef endursöluaðili er utan Evrópska efnahagssvæðisins þá ber íslenska ferðaskrifstofan tryggingaskylduna.

Eru einungis ferðaskrifstofur í Evrópu, sem geta borið tryggingaskyldu?

Já einungis ferðaskrifstofur sem eru innan Evrópska efnahagssvæðisins geta borið tryggingaskyldu vegna ferða íslensks skipuleggjanda.

Er að fylla út endurmatið fyrir 2024. Í hlutanum um "Seljendur sem eru tryggingarskyldir vegna pakkaferða leyfishafa" er reiturinn "Seljandi er með tryggingar hjá" Er þetta eitthvað sem nauðsynlegt er að fylla út?

Ef fyrir liggja upplýsingar um hvar seljandi sem ber tryggingaskyldu er með tryggingu þá ber að fylla þetta út. Ef þær upplýsingar eru ekki fyrir hendi má reiturinn vera auður.

Hvað t.d. með seljendur sem eru í Bandaríkjunum?

Ferðaskrifstofur sem eru í Bandaríkjunum geta ekki borið tryggingaskyldu fyrir íslenska ferðaskrifstofu. Einungis er heimilt að gera samninga við seljendur sem eru innan EES um að þeir beri tryggingaskyldu vegna ferða sem íslensk ferðaskrifstofa skipuleggur.

Á vef Ferðamálastofu eru upplýsingar um þetta atriði

<https://www.ferdamalastofa.is/is/leyfi/ferdaskrifstofur/arlegt-endurmat-tryggingafjarhaeda-arleg-skil#hver-ber-tryggingaskylduna>.

Einnig var fjallað um það í fræðslu sem streymt var á FB þann 5. mars sl.

[Upptaka frá fræðslufundi 5. mars 2024](#) frá mín 24:20 til 32:08.

[Glærur frá fræðslufundi 5. mars 2024](#) skoða sérstaklega frá glæru 19 til 25.

Hvaða telst til tryggingaskyldrar veltu

Ef við erum með hóp þar sem að ferða pakkinn er flug, gisting og stundum árshátíð, telst það sem tryggingaskyld velta ef afþreyingu er bætt við stuttu fyrir ferð (var ekki inn í ferðapakkanum í upphafi) ?

Ef ekki er gerður viðauki við pakkaferðasamning vegna viðbótarþjónustu t.d. afþreyingar, telst sá hluti ekki til tryggingaskyldrar veltu.

Sé hins vegar gerður viðauki við pakkaferðasamning vegna viðbótarþjónustu þá telst viðbótin til tryggingaskyldrar veltu, reikna þarf fjölda daga frá fullnaðargreiðslu til upphafs ferðar þannig að tekið sé tillit til allra greiðslna, sbr. umfjöllun í fyrirlestri (byrjar á mín 6,51) og á glærum (8 og 9).

- [Hér má finna leiðbeiningar um skilin](#)
- [Upptaka frá fræðslufundi 5. mars 2024](#)
- [Glærur frá fræðslufundi 5. mars 2024](#)

Sala á vöru eða þjónustu (B2B) er þarna sölulaun sem við fáum frá tryggingafélagi erlendis ef að kúnni okkar bókar persónulega ferðatryggingu hjá þeim í gegnum link á vefnum okkar.

Sölulaun vegna ferðatryggingar ættu að fara annað hvort undir þann lið, getur skráð heitið í fellilistann eða undir annað. Það telst ekki sala þjónustupátta B2B.

Má setja gengisleiðréttingu þarna undir eða þarf ég að finna út gengisleiðréttingu á hvern og einn kúnna og bæta við töluna í "heildarsöluverð" fyrir hans ferð?

Gengisleiðrétting er hluti af verði ferðarinnar þannig að hún á að færast í heildarsöluverð ferðar, tilheyrir tryggingaskylda hlutanum.

Í þeirri ferð sem þú minntist á áðan (vísað er í dæmi sem tekið var í fyrirlestri 5. mars 2024), að farið er á hótél á Selfossi og síðan er farið áfram, þá er væntanlega tryggingaskylda fjárhæðin einungis dagsferðirnar, hótelið undanskilið þar sem það er ekki á vegum ferðaskipuleggjanda?

Já það er rétt, ef sá sem skipuleggur ferðirnar hefur enga aðkomu að bókun hótels þá er það ekki partur af ferðinni.

Skráning gjalda í bókhald

Varðar skráningu gjalda á rétta mánuði. Reikningar berast oft mun seinna og því erfitt að skrá kostnaðinn aftur í tímann

Það skiptir máli að leitast við að skrá kostnað rétt í bókhald. Mestu máli skiptir að hann fari alltaf á rétt rekstrarár.

Aðgangur að gögnum

Er hægt að hafa aðgang að gögnum sem er skilað s.s. áætluninni í gengum gáttina eftir skil

Þessi virkni er væntanleg ásamt því að boðið verður upp á að hlaða niður excel-skjali með þeim upplýsingum sem skráðar voru í gáttina.

Reglur um beitingu álags vegna fjárhagsstöðu fyrirtækja

Hvar finn ég reglur um veltufjárhlutfall og eiginfjárhlutfall?

Á vef *Ferðamálastofu* - bæði hér <https://www.ferdamalastofa.is/is/leyfi/ferdaskrifstofur/akvardanir-um-fjarhaed-trygginga-haekkanir>

og hér <https://www.ferdamalastofa.is/is/leyfi/ferdaskrifstofur/arlegt-endurmat-tryggingafjarhaedarleg-skil#heimild-til-haekunar-tryggingafjarhaedar>

Skráning hjáheitis

Við erum að íhuga að opna aðra vefsíðu/vörumerki með aðeins öðrum áherslum og nafni, en þó sami rekstur og kennitala.

Hvernig virkar ferlið varðand skráningu á hjáheiti undir gildandi leyfi?

Til að skrá hjáheiti undir gildandi leyfi þarf að senda beiðni þess efnis á netfangið leyfisveitingar@ferdamalastofa.is þar sem óskað er eftir að hjáheitið verði skráð á viðkomandi leyfi.